

Viðauki I við rekstrarsamning mennta- og menningarmálaráðuneytis og Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands um verkefni afrekssjóðs ÍSÍ

Neðangreindar eru breytingar á rekstrarsamningi um verkefni afrekssjóðs ÍSÍ milli mennta- og menningarmálaráðuneyti kt. 460269-2969, og Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands kt. 670169-0499, dags. 14. nóvember 2018. Að öðru leyti vísast í ákvæði gildandi rekstrarsamnings ráðuneytisins við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands.

1. Gildistími

Gildistími viðauka er frá undirritun til 31. desember 2020.

2. Markmið, verkefni og starfsemi

2.1. Meginmarkmið með samningi þessum er að:

- Markmið með samningnum er að styðja fjárhagslega við afrekssjóð ÍSÍ.
- Efla árangur íslensks íþróttafólks á alþjóðavettvangi

2.2. Verkefni

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands skuldbindur sig:

- Í samstarfi við aðildarfélög sín að stefna að því að Íslendingar eigi afrekssfólk og afrekssflokka í íþróttum sem skipi sér með þeim bestu í heiminum. ÍSÍ skilgreinir viðmið vegna þessa.
- Til þess að setja stefnu í mállefnum afreksíþrótta og fylgir henni eftir gagnvart aðildarfélögum sínum.

2.3. Starfsemi

- Starfsemi hefur m.a. það hlutverk að veita styrki til fremsta íþróttafólks þjóðarinnar í því skyni að efla árangur íslensks afrekssfólks á alþjóðavettvangi.
- Vinna á faglegan hátt að framgangi afreksíþrótta með starfsemi afrekssjóðs.
- Gæta jafnræðis, kynjasjónarmiða og gagnsæis í úthlutunum sínum vegna verkefna afreksíþróttafólks.
- Kynna reglur og úthlutanir opinberlega.
- Reglur um afrekssjóð ÍSÍ skulu endurskoðaðar til samræmis við þennan samning eftir því sem ákvæði hans gefa tilefni til.
- Meðan þessi samningur er í gildi á formaður íþróttanefndar ríkisins sæti í stjórn afrekssjóðs ÍSÍ sem fulltrúi ráðuneytisins.

2.4. Áherslur

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands og aðildarfélög þess:

- Taki mið af stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum.
- Hafi viðbragðsáætlun ef upp koma mál er tengjast kynferðislegri áreitni, ofbeldi, einelti og annarri ógnandi óæskilegri hegðun meðal afrekssfólks.
- Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands fylgist með rannsóknum og þróun í afreksíþróttum til þess að efla fagmennsku enn frekar.
- Afrekssfólk fær reglubundna fræðslu um lyfjæftirlit, hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum og aðra þá fræðslu sem mikilvæg er til þess að vernda heiðarleika í íþróttum.

3. Fjárhagsleg skuldbinding ráðuneytisins og ábyrgð

3.1. Heildarskuldbinding viðaukans er 400 m.kr. á samningstímanum.

3.2. Framlag ráðuneytisins er 400 m.kr. fyrir árið 2020.

- 3.3. Árlegt framlag verður greitt í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt verður inn á bankareikning viðskiptabanka Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Halda skal framlagi til afrekssjóðs aðgreindu í bókhaldi sambandsins og skal tilgreina framlag ráðuneytisins í reikningum afrekssjóðs og sambandsins með greinilegum hætti.
- 3.4. ÍSÍ mun á sama tíma veita í afrekssjóð af hlutdeild sinni í hagnaði af Lottó-starfsemi (sbr. lög nr. 26/1986) sem nemi 8% af ágóðahlut ÍSÍ af Lottó-starfsemi, þó aldrei lægri upphæð en 12 m.kr. á ári.
- 3.5. Heimilt er að útlagður kostnaður og þóknun vegna umsýslu sjóðsins verði greiddur af sjóðsframlagi allt að 3 m. kr. á ári.

4. Gildistími og lok samnings

- 4.1. Gildistími viðauka er frá undirritun viðauka til 31. desember 2020.
- 4.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði viðauka þessa verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 4.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja viðaukanum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 4.4. Viðauki þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili.

Reykjavík, 6. febrúar 2020


Lilja D. Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra


Lárus Blöndal, forseti
Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands